



Fundargerð bíóráðs Bæjarbíós, fundur nr. 4, miðvikudaginn 27. maí 2014, kl. 11:00 að Strandgötu 4.

Mætt voru: Björn Pétursson, Svanlaugur Sveinsson og Kristinn Sæmundsson.

Fundargerð ritaði: BP

Dagskrá:

1. **Dagskráin framundan** – KS lagði fram drög að nokkrum viðburðum sem framundan eru. Stórir tónleikar í júní og aðrir viðburðir fyrirhugaðir en dagskrá sumarsins er enn í mótin. KS sagðist vera að vinna úr uppsafnaðri reynslu síðasta árs og mun sumardagskráin endurspegla hana.
2. **Ræstingar og umgengni** – BP og SS gerðu athugasemdir við ræstingu og umgengni í bíóinu. KS fór yfir skipulag ræstingamála, tók athugasemdum og mun bregðast við þeim. Alvarleg athugasemd var gerð við næturstarf í húsinu og atviki því tengdu um miðjan maí. KS fór yfir það mál og útskýrði og telur tryggt að viðlíka uppákoma muni ekki endurtaka sig.
3. **Ástand hússins og framkvæmdir** – SS fór yfir þær framkvæmdir sem nú eru í gangi vegna viðhalds á Bæjarbíói. Í næsta mánuði verður hafist handa við að skipta um járn á þaki hússins auk þess sem verktaki sá sem vinnur við lagfæringar á steypuskemmdum og steinunn hússins mun klára það verk í júní. KS óskaði eftir að nokkur minni verk verði skoðuð, s.s. styrkingu sviðsins og pípulagningarvinnu á salerni. SS og BP mun skoða það mál með Hálfadáni Þórðarsyni. KS sagði frá því að nú á næstu dögum standi til að setja upp nýtt hljóðkerfi og ljós í salinn sem lista- og menningarfélagið fær á kaupleigu. KS óskaði eftir leyfi til að láta byggja lítinn pall undir hljóðblanderann aftast í salnum, sem hannaður yrði með virðingu fyrir innréttingum hússins í huga. Samþykkt var að fresta ákvarðanatöku um það mál og að ráðið muni hittast á staðnum og skoða hugmyndirnar þegar þær verða fullmótaðar, áður en ákvörðun um að hefja þær framkvæmdir verða teknar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00